

Fimmtudaginn 4. mars 1999.

Nr. 353/1998.

Tryggingastofnun ríkisins

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

gegn

Iðunnar Apóteki ehf.

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Lyfjaverð. Stjórnvaldsákvörðun. Fyrning. Vextir.

Sams konar mál og mál nr. 343/1998.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson, Hjörtur Torfason, Markús Sigurbjörnsson og Jónatan Þór-mundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1998. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og máls-kostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess að til-dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er samkynja tuttugu og fimm málum sem dæmd eru sam-hliða. Um rökstuðning fyrir niðurstöðu þessa máls vísast til forsendna í málinu nr. 343/1998, Tryggingastofnun ríkisins gegn Werner Ras-mussyni, að öðru leyti en því að ekki verður séð að forsvarsmenn stefnda hafi átt sæti í lyfjaverðlagsnefnd. Stefndi telur skerðingu á greiðslum til sín frá með greiðslu 17. apríl 1995 til og með greiðslu sama dag á árinu 1996 nema alls 2.604.080 krónum og er ekki um það deilt. Héraðsdómsstefna var birt 6. ágúst 1997 og er því krafa stefnda að engu leyti fyrnd. Verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 2.604.080 krónur með þeim vöxtum sem um getur í dómsorði.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefnda, Iðunnar Apóteki ehf., 2.604.080 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III.

kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. maí 1997 til greiðsludags og samtals 60.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.
